

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1922.

Dagbókarskýrsla 1922

=====

16. maí.

Fór ég suður að Vífilsstöðum og tók vetrarpakninguna af fræðunum í græðireiðnum.

23.maí. þriðjudagur

Þjóf ég mig til ferða austur í Laugardal, til þess þar samkvæmt ósk og beiðni U.M.F. Laugdæla, að koma upp skrúðgörðum við bæina. En Borgarbíllinn sem ákeðinn var til fararinnar hætti við að fara.

24. maí. miðvikudagur.

Lagt á stað austur. En bíllinn tafðist bæði í Ölfusinu og á Selfossi, svo upp að Borg var ekki komið fyrir en löngu eftir miðnætti.

Biðu þeir þar eftir mér, Böðvar á Laugarvatni og Páll á Hjalmarstöðum, er komnir voru að sækja mig.

25. maí. Uppstigningardagur

Haldið upp að Laugarvatni.

26. maí. Föstudagur

Byrjað að undirbúa garðinn á Laugarvatni.

27. maí. laugardagur

Haldið áfram við garðinn á Laugarvatni. Fór ég með allri skógargirðingunni, til þess að sjá hvernig hún var, því við hana átti að gera á meðan ég dvelði í dalnum. Sömuleiðis valdi ég 30 birkiplöntur þar í girðingunni, stakk þar upp með hnaus, og lét flytja þar heim að Laugarvatni.

28. maí. sunnudagur

Fór ég að kirkju í Miðdal. Var þar boðaður fundur í U.M.F. og þar frekar ákveðið um skrúðgarðama. Einnig samdi ég þar við Sveinbjörn bónda á Snorrastöðum og réði hann til þess að gera við girðinguna, því sjálfur gat ég ekkert að því unnið, nema litid eitt, en Sveinbjörn þaulvanur og búinn að vera með mér áður. En honum til aðstoðar fékk ég 3 menn, svo þeir yrðu fjórir saman.

29. maí. mánudagur

Var byrjað á girðingunni og kom þá í ljós, allmargir hornstaurarnir voru svo fúnir orðnir í Stórhöfða, að um þá þurfti að skifta. Fékk ég þá Böðvar til þess að sækja út á Þingvöll hornstaura sem þar voru frá ö

í fyrrasumar og sendi hann eftir þeim daginn eftir. Upp að Hjálmarstöðum hélt ég um kvöldið og var þar um nóttina.

30. maí. þriðjudag

Valdi ég garðstæði á Hjálmarstöðum og var byrjað að undirbúa það. Þrá ég mér nú svo upp að Miðdalskoti og Laugardalshólum og valdi garðstæði þar, og sagði fyrir að byrja á undirbúningum. Á Hjálmarstöðum nóttina.

31. maí. miðvikudagur

Vann ég á Hjálmarstöðum. Um kvöldið hélt ég upp að Hólum og Miðdalskoti og stefndi að mér unglíngum til þess að ná í plöntur úr gömlu Miðdalskot girðingunni. Voru stungnar upp og samanbornar 60 birkiplöntur og kómið fram á nótt þegar því var lokið.

1. júní. fimmtudagur.

Ummorguninn fór ég út að Laugarvatni til þess að sækja vör handa þeim, sem vinna voru í girðingunni. Þá um leið tók ég upp plöntur í Stórhöfða, er fara áttu í Gröf og svo til viðbótar á Laugarvatni. Að því loknu fór ég upp að Hólum og lauk við garðinn þar og á Miðdalskoti og dvaldist mér við það fram til kl. 3 um nóttina og hélt þá að Hjálmarstöðum.

2. júní. föstudagur

Lauk ég við garðinn á Hjálmarstöðum og sagði fyrir um garðinn á Snorrastöðum. Lausamaður á Hjálmarstöðum sem unnið hafði með mér, tók að sér að ljúka þeim gördum, sem eftir voru.

Að því búnu athugi ég girðinguna sem verið var að ljúka við.

Á álmunni frá Laugarvatnsgirðingunni við Stóragileupp Stórhöfða var skift um 10 hornstaura sem ónýtir voru með öllu og girðingun öll strengd upp. En þetta er álman, sem ekki vannst tími til að endurbæta haustið 1920, er ég staffaði að girðingunni. Sömuleiðis voru bættir og strengdir því strengir, sem slitnað höfðu í Ketilhöfða og lagaðir tveir hornstaurar upp á honum. Var verkið vel af hendi leyst, svo nú er fullkomin vörn í girðingunni, að því leyti sem hún nær. En vitanlega leitir féð ofan af fjallinu einkum þó ofan við Ketilshöfðaálmuna en ekki mikil brögð að því, nema seinni hluta sumars. Lét ég svo mæla girðinguna og kom margt fé út úr henni.

Á Laugarvatni lauk ég við það sem eftir var að gera við garðinn og hélt þaðan að Gröf og var Páll á Hjálmarstöðum með mér. En í Gröf var ekkert undirbúið, svo þar var ekkert hægt að gera. Lét ég mér því nægja, að segja fyrir hvað gera ætti og reyna að fá Hjálmarssáðarmanninn til að sjá um verkið. Um kvöldið fylgdi Páll mér niður að Spóastöðum. Þar var Haukur minn og ætlaði ég að ríða honum þangað, sem ég næði í bíl. Var ég um nóttina á Spóastöðum.

3. júní. laugardagur

Lagði ég á stað á Hauk út á Borg en náði þar í bíl. og fór niður að Selfossi með honum. Þar hitti ég Þórarinn Egilsson úr Hafnarfirði, er var að sækja hesta sína úr fóbri og ætlaði að kaupa í viðbót. Bauð hann mér nú að verða sér samferða suður og þáði ég það. Lét bílinn fara og var í Tryggvaskála nóttina.

4. júní. Hvítasunnudagur

Fór ég með Þórarni upp að Laugardælum og keypti Þórarinn þar gæðing. Lögðum við svo af stað á hestunum vestur um fjall og gistum á Kolviðarhóli nóttina.

5. júní Annar í Hvítasunnu.

Fór ég með Þórarni frá Kolviðarhól og hélt heimleiðis til Reykjavíkur.

=====

Þórsmerkurför og fleira

14. júní. miðvikudagur

Snúningar í Reykjavík vegna undir búnings ferðarinnar.

15. júní. fimmtudagur

Lagði ég á stað á þeim rauða, en skógræktarstjórinn fór á hjóli. Kom ég þverbakstöskunni í flutningarbíl, sem koma átti á eftir og ætlaði samdægurs niður á Eyrarbakka. Austur að Selfossi náði ég um kvöldið. Þangað var Haukur kominn og járnabi ég hann. En verða varð ég þar um nóttina, því ekki kom bíllinn og fréttist ekkert til hans á meðan síminn var opin.

16. júní. föstudagur

Ko

Kom bíllinn enn ekki og frétti ég þá að hann hefði bilað úti í Ölfusi, en að taskan væri geymd á Sauðhól. Símaði ég þá til herra skógræktarstjóra, sem beið í Þjórsártúni og varð að samningum, að ég fengi Þórð Skálabóna til þess að sækja töskuna, svo okkar hestar losnuðu við snúninginn. Gerði Þórður það og hélt ég svo austur og náðum við austur að Múlakoti um kvöldið.

17. maí. laugardagur

Haldið inn á Þórsmörk og rannsakað girðingarstæði.

18. júní. Sunnudagur

Unnið að sama starfi fyrri hluta dagsins, en þá haldið að Múlakoti.

19. júní. mánudagur

Haldið frá Múlakoti, um Efrahol, Egissíðu og að Þjórsártúni um kvöldið.

20. júní. þriðjudagur

Hélt hr. Skógræktarstjóri á hjóli vestur Flóa og ætlaði að ná á Þingvöll um Grímsnesbraut og Laugardælingabraut. En ég tafðist nokkura stund á uppboði, sem haldið var þar á Þjórsártúni, fór síðan skemmstu leið, yfir Hvítá í Árhrauni á ferju og síðan sem leið liggur upp að Laugarvatni. Ætlaði ég að á þar fram eftir nóttunni, en halda út á Þingvöll með morgunsárinu. En eftir nokkura stund kom þangað hr. Skógræktarstjóri og tókum við það fyrir að vera um nóttina á Laugarvatni.

21. miðvikudagur.

Haldið út á Þingvöll. Kom ég við í Skógarkoti og fékk þar hest til Hvalfjarðarferðarinnar, svo við hefðum 4 reiðskóta yfir Leggjabrjót. Um kvöldið náðum við að Saurbæ og gisti ég þar um nóttina í Vatnaskógi.

22. júní. fimmtudagur.

Athugað ýmislegt í Vatnaskógi og farið síðan til baka sömu leið og áð um kvöldið á Þingvöllum. Hestarnir sendir að Skógarkoti en við gistum í Valhöll.

23. júní. föstudagur.

Hélt ég suður um Mosfellssveit, með hestana. Kom að Lágafelli og ætlaði að koma Hauk þar í göngu, en Bogi ekki heima, svo ég varð að fara með hann niður í borgina. Keypti ég hafra handa hestunum og gaf þeim í portinu.

24. júní. laugardagur.

Var ég að snúast við að koma hestunum á haga, en gekk ílla. Fór seinast með þá að Laugarnesi.

27. júní. þriðjudagur.

Sótti ég hestana inn í Laugarnes sló handa þeim í Tjarnargarðinum og gaf þeim í portinu.

28. júní miðvikudagur.

Lagði skógræktarstjórinn af stað í norðurför sína og hjálpaði ég honum á stað.

Áður en við skildum, varð það að samningum, að á meðan hann var fjarverandi til mánaðarmóta júlí og ágúst, færi ég austur í Skaftafellssýslu og hefði lokið því áður en hann kæmi. Sömuleiðis gaf hann mér heimild til þess að kaupa hest af Böðvari á Laugarvatni, en ég hafði sagt honum frá ef verðið yrði um 300.00 krónur, og þyrfti ekki að greiðast fyrr enn í öndverðum ágúst. Einnig átti ég að líta eftir Tjarnargarðinum og reita grasið frá fræstöndunum þar.

1. júlí.

Brá ég mér nú austur að Þjórsárbrúá Ípróttarmótið, sem haldið var þar þann dag.

Þangað kom Böðvar á Laugarvatni með Stóra-Lóna og samdist svo um okkar í milli, að hesturinn kostaði 325.00 kr. og verðið greitt eins og um var talað. Kom ég svo hestinum í göngu hjá Einari Brynjólfssyni á Þjótanda ásamt Hauk mínum, og áttu þeir að bíða þar og jafna sig þangað til ég færi austur í Skaftafellssýslu.

Frá Þjórsá fór ég ásamt nokkurum Laugdælingum og Grímsnesingum í flutningabíl inni Fljótshlíð og þaðan á hestum á Þórsmörk. Gat ég þá um leið látið berast að Efra-hvoli, að ekkert yrði að staurasteypingunni á þessu sumri. Sömuleiðis gat ég látið Árna í Múlakoti vita að ekkert girðingarefni yrði flutt austur þangað fyrst um sinn.

12. júlí miðvikudagur

Var ég við annan mann að vinna í Tjarnargarðinum, að reita skera og slá hæstu grastoppa frá fræplöntunum.

13. júlí fimmtudagur.

14. " föstudagur.

Vorum við báðir enn að sama starfi í Tjarnargarðinum.

15. júlí laugardagur.

Brá ég mér nú austur á Þingvöll til þess að líta þar eftir girðingunum, sem ég gerði við í fyrra og stóðu þær ágætlega allar upp til hópa. Fór ég með póstabílnum austur. En hafði ekki lokið eftirlitinu, er hann var ferðbúinn, svo ég varð að fá sæti á öðrum bíl (frá B.S.R.) er suður fór um kvöldið.

Þegar heim kom, hitti ég Jón Kjartansson, fulltrúa lögreglustjóra og var hann þá búinn að dagsetja ferð sína austur í Skaftafellssýslu og vildi fá mig með. Átti hann hesta sína austan við fjall og ætlaði að senda þá austur að Garðsenda, en fara þangað í bíl og leggja héðan afstað mánudagsmorguninn næsta, þó að tíminn væri naumur til undir-
húnings vildi ég ekki...

Daginn eftir símaði ég til Einars Brynjólfssonar að spyrjast fyrir um hestana. Sagði hann hestana vísa, en Stóri-Grávi dálítið haltur, en með hann matti þó fara að öllum líkindum. Þorði ég samt ekki annað en tryggja mér þriðja hestinn til fararinnar og bað Einar að útvega mér hann, annaðhvort að hann lánaði mér hann sjálfur eða fengi hann hjá öðrum, og sendi svo alla hestana með hestum Jóns þá strax um kvöldið, svo komnir yrðu þeir að Garðsauka í tæka tíð.

Austur í Skafafellssýslu

=====

17. júlí mánudagur.

Kl. 10 árdegis stigum við Jón í bílinn. Hafði ég ærna snúninga frá því að búðir opnuðust og fram að þeim tíma. Kom ég við á Þjótanda og fékk að vita að hestarnir hefðu farið þá snemma um morgunninn og Einar Brynjólfsson lánað mér fola og varð að samningum að ég greiddi fyrir hann 3.00 kr. á dag. Þegar að Garðsauka kom voru hestarnir þar fyrir. Athugaði ég fljótt Stóra-Grána, sem virtist mikið haltur og sá ég strax að heltin hafði orsakast að því að undan honum hafði farið, en hann með tvær slæmar sprungur og þoldi ekki járnalaus að vera stundinni lengur, hafði og verið tilt undir hann á Þjótanda. Í Garðsauka áðum við nokkra stund, snæddum og löguðum undir hestunum, svo að dyggði í náttstað. Síðan héldum við af stað, þverá í forattu, ~~sveit~~, svo við kunnum betur við að fá fylgd yfir hana, en hefðum ekki þurft, því Eyfellingar nokkrir náðu okkur, er við vorum rétt komnir út í og urðu okkur samferða austur yfir öll vötn. Var talsvert í þeim, brotin á öðrum stöðum en í fyrra og þá vandratað ókunnugum. En mikið gaman höfðum við af Stóra-Grána, hann bar töskuna og rann með lausu hestunum en aldrei losnaði hann og þurt var allt í töskunni, þó hinir hestarnir syntu kringum hann. Hefi ég aldrei séð hvað miklu getur munað á ^{HED} hesta fyrr en þá. Að Varmahlíð undir Austur-fjöllum náðum við aðeins háttunum og fengum þar góðan beina.

18. júlí þriðjudagur.

Byrjaði ég daginn með því að járna Hauk og Stóra-Grána með nýjum skeifum, er ég hafði með. Kunni sá grái vel við nýju þykku skeifunna, enda smáminnkaði heltin þennan dag og var að mestu horfin að kvöldi næsta dags. Í Varmahlíð minntist bóndin á girðingu í Þórsmörk og var því máli mjög andvígur. Sagði óbuandi undir Austur-fjöllum, ef Þórsmörk yrði girt. Og víða rakst ég á sama hugunarhátt. Kemur þetta vel heim við það sem Árni í Múlakoti og aðrir Fljótshlíðingar bera, að um Þórsmörk verði ekki þverfótad sumarlangt fyrir skjátunum þeirra Fjallamanna, því eins og kunnugt er, liggur hinn graslitli afréttur þeirra innan við Þórsmörk, norð-austur á svo kölluðum Almennigum.

Austur að Suður-Vík náðum við um kvöldið og gistum hjá Halldóri Jónssyni, fóstura Jóns Kjartanssonar. Þar var fyrir Sigfús Blöndal ræðismaður Þjóðverja og þýzkur stúdent.

Vorum við þar allir samnáttu.

19. júlí miðvikudagur

Fórum við um morguninn niður í kaupstaðinn að skoða okkur þar um bekk. Heimsótti ég þar sýslumanninn, Gísla Sveinsson og þótti honum ærið langt síðan, ég hefði farið eftirlitsferð þar um sýslu. Taldi hann Skaftartunguskógum mjög hafa hrakað við Kötflugosið, en þar var ~~xxx~~ hann kunnugur áður, því þar er hann uppalinn og getur því borið saman. Í Vík varð ég að láta gera við þverbakstöskuna, því þó hún væri ný og frá Samúel, dugði hún ekki betur. Seinnihluta dagsins fórum við um Heiðadalinn og að Höfðabrekkuþóg fylgdi okkur margt manna, frændur og vinir Jóns og Sigfúsar Blöndals. Á Heiði hjá Þáli bónda og á Höfðabrekku var ég mikið spurður um trjárækt og skrúðgarða og sagði ég þeim fyrir um, hvernig bezt væri að koma þeim á fót og hvernig afla skyldi plantna. Á Höfðabrekku vorum við nóttina hjá hinum nýja bónda þar, Þorsteini Einarssyni.

20. júlí fimmtudagur

Héldum við austur um Sand og slóst Páll á Heiði í fúrina, en hann var að flytja dóttir sína í Kaupavinnu austur á Síðu. Áðum við andartak í Hafursey. Þar var skógarlóungur fram að síðasta Kötflugosi í sumum brekkunum, en er nú að mestu horfinn og kalgrönglar einir eftir um allar brekkurnar. Austur við Hólmsá mættum við skógarlest og höfðu þeir viðað skammt frá brúnni. Fór ég þangað og athugaði verksummerkin. Var samilega aðgert, ekki rjóðarfelt, en tekið þó nokkuð mikið. Var og svo víðar að full mikið hafði verið tekið en hvergi rjóðarfelt. Er þarna víða smáskógur og sækja hann Álft-hverfingar og einstaka maður vestan yfir Sand. Að Hrífunesi komum við laust fyrir miðaftan og höfðum þar stundardvöl því fara vildi ég þá sem víðast um skóglendið um kvöldið. Fékk ég Jón bónda Pálsson með mér og fylgdist Jón Kjartansson með. Fórum við fyrst um heimaskógana og fræddi Jón Pálsson mig um marga hluti. Dylst engum, er þessa skóga hafa séð áður, að mikið hefur þeim hrakað og mun óhætt að rekja það til Kötflugosinna. Sauðfé hefir orðið að miklu leyti að lifa á kjarrinu, þegar allt gras var hulið ösku, svo þessvegna hafa skógarnir bitist afskaplega. Verður ekki hægt að gefa bændum þetta að sök, því þetta var eins bjargræðið þar um slóðir. Aftur á móti hafa menn sýnt hvers virði þeir skoða skóginn, og hafa reynt að grisja hann, eftir því sem þeir þurftu á honum að halda til eldingar og annara heimilisþarfa. Sá ég þess vott að reynt hafði verið að grisja, en víða eru nú kaldir runnar og stafar það eingöngu af beitinni. Vestur í Villingaskóga fór ég og fundust mér þeir svipur hjá sjón frá því ég sá þá síðast (og fyrst) en það var 1911. Þó hafa þeir bitist minna en kjarrlendið nær bæjunum. En svo eru miklir öskuskafarnir enn í brekkum og giljum þar í Villingaskógum að hríslurnar eru sligðar niður og enginn gróður er þar kominn enn á milli hríslanna. Barð mest á þessu fyrir neðan miðja brekku, því þangað hefir askan runnið og fokið ofan af skóglausum hæðunum, en skaflarnir

þar sem skógurinn var hærri og þéttari. Hefir allur smærri undirskógurinn í neðstu brekkunum farið undir öskuna, en hæstu einstaklingarnir haldið velli. Að því leyti er þetta einskonar grisjun, þó ekki verði enn þá sagt, að hvaða gagni hún kemur. Þúast má við að sumir stofnarnir sem huldur eru öskulagi upp að limi, fúni og falli svo að lokum. Þó virðist mér nú einstaka hríslur lífvænlegar og virðast ætla að bæta nokkru við hæð sína þegar í sumar.

Þaðan héldum við svo að Hamri og athugaði ég skóglendið í dölunum fyrir ofan bæinn. Þar er sama að segja og um heima-skóginn í Hrífunesi, að hann hefur mikið bitist. Seint um kvöldið náðum við að Hamri og gistum þar.

21. júlí föstudagur

Fórum við um Hamra og Flögu kjarrlendið og fylgdi okkur Valdimar í Hamri, sem nú hefir tekið við búi og hreppstórn Tungnamanna. Þessi kjarrlend sem áður voru aðalbeitilandið hefir hrakað afskaplega, einkunn þó í Flögu, enda spillti Tungufljótið engjum Flögu, svo ganga væð ennþá meira á kjarrið en ella. Eru þar víða aðeins kalstönglar eftir, sem áður var laglegt beitarkjarr. En sama er að segja hér og í Hrífunesi, að viðleitni manna í Flögu og Hamraskógum er auðsæ að því er skógarhöggið snertir. Alstáðar reynt að grisja, þó vitanlega sé sumstáðar nokkuð mikið aðgert. En hvergi rjóðurfelt og má það gott heita.

Þegar þessum athugunum var lokið var liðið að nóni og héldum við svo austur yfir Tungufljót og beið þar eftir okkur Páll á Heiði. Þangað var og kominn Lárus Ápm. á Klaustri^á leið út í Rangárvallasýslu og þótti súrt í broti að vera ekki heima, úr því ég var loksins kominn austur. Vildi hann að ég biði eftir sér, allt að 4-5 dögum, en það þótti mér langt, enda yrði ég þá tæplega kominn vestur til Reykjavíkur fyrir mánaðarmót. Skildi þar með okkur og héldum við sem leið liggur austur yfir Hraun og þótti okkur vegurinn nokkuð harður, því farist hefur fyrir að bera ofan í hann. Á Klaustri^{inu} áðum við nokkra stund og héldum síðan austur að Múlakoti og slóust í förinna Dungal læknir er sóttur var til sjúklings og Jón Stefánsson málari. Í Múlakoti fékk ég áreiðanlegar fréttir af því að Súla myndi vera íllfær og að allir byggjust við Skeiðarhlaupi. Sá ég þá að ekki myndi auðhlaupið vera að komast inn í Núpsetabarskóga og því að ~~fara~~ óþarfi að tefla í tvísýnu með því að fara lengra. Gistum við í Múlakoti við Jón og áttum góða nótt hjá Þorláki hreppstjóra Austur-Síðumanna. Benti Þorlákur mér á að skógur væri í Holti á Vestur-Síðunni og ætti að athuga hann úr því að ég færi ekki lengra.

22. júlí laugardagur

Snerum við aftur og hélum að Klaustrinu. Þar dvöldum við nokkra stund og sagði ég sonum bónda hvernig bezt væri komið fyrir skrúðgarði framan undir húsinu. Dungal læknir og Jón Stefánsson málari vildi slást í förinna vestur á Fjallbaksveg til þess að kynnast leiðinni ef þeir tækju fyrir síðar að fara þá leið vestur í sýslur. En hvorugur var þá ferðubúinn.

Og ætluðu að koma um hádegi næsta dags út að Holti ella, senda ef forföll hömæðu leið þeirra. Héldum við svo að Holti og gistum hjá Birni hveppstjóra Vestur-Síðumanna.

23. júlí sunnudagur.

Um morguninn fylgdi Björn okkur niður undir Skaftá og sýndi okkur rósina Þyrnirósina íslensku (Rasa pinpinellifólía) Hún er eins og kunnugt er afar sjaldgæf og mun þarna þétt sig um langtum stærra svæði en annarsstaðar. Lauslega áætlað mun hún ná yfir allt að vallardagssláttu með öllum útskæklum, en myndar víða samfelldar breiður og hæstu runnarnir um 50 - 60 cm. og þessa sumars árssprettu orðnir þó allt að 10 cm. Vex hún þarna í brattri brékku, skammt upp frá ánni og er klöpp undir neðst og jarðlagið svo þunnt að smátorfur hafa í rigningartíð runnið fram af og svæðið því minkað. Ekki finst Birni hún hafa neitt bæiðst út um langan tíma. Heldur minkað eftir því sem jarðskriðið hefir tekið af henni. Gæti henni því verið hæta búin þegar fram líða stundir. Hún hefir hældur ekki blómstrað um nokkurra ára skeið. Gaman findist mér ef hægt væri að gera eitthvað fyrir rósina. T.d. flytja hana til þarna í Holti því stínga má upp svo stóra hnausa og gróðursetja þá þar, sem fastari jarðvegur væri. Sömuleiðis virðist margt benda til að betra væri að girða hana og friða að öllu leyti. Finnst mér síst frágangssök að ná í fáeina hnausa með rósinni í ~~eg~~ austur þar og flytja hana hingað í garða. Og skruðgörðum sem komið yfði á fót þar eystra, þel ég sjálfsagt að ætla henni haganlegt pláss. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að í sumar skar ég upp með vasahnífnum mínum nokkura smá-hnausa og flutti í tösku minni vestur í sýslu. Voru hnausarnir gróðursettir í Múla í Landssvelt og Laugardælum og voru lifandi í haust hvort sem þeir nú vakna með vorinu. Var þetta þó óneitanlega óheppilegur tími og bendir á, að vandræðalaust sé að flytja rósina, ef á hentugum tíma er gert. Atti það og að vera hverjum manni hvöt, sem ann gróðri landsins að vinna að og auka útbreiðslu hennar. Hefi ég orðið svo fjölorður um þetta efni að ég vildi vekja eftirtekt á rósinni og reyna stuðla að því að henni væri einhver sómi sýndur. Læt ég svo útrætt um rósina og fylgir hér með eintak af henni þurkaðri tekin Holti 23/7 '22.

Við biðum í Holti fram undir nón eftir þeim félögum, læknum og málaranum, en þeir komu ekki og gerði engin skeyti. Lögdum við þá af stað vestur heiðar og fylgdi Björn okkur. Á þeirri leið er farið um Holtsdal, ljómandi fallett landslag og einkennilegt. Innst í dal þessum liggur Kjarrskógur sá er mér lék hugur á að skoða, því þangað hefir víst enginn skógarmaður komið áður.

Kjarrskógur þessi liggur að mestu leyti í hlíð dalsins og fyrir botni hans er röt subvestri. Má hann fremur smávaxinn kallast, hæstu hríslurnar sem ég sá voru um 2.áln. en langflestir runnarnir ekki nema um 1 áln þó sagði Björn mér að í sumum giljunum fyndust hríslur sem myndu mannhæðar háar vera eða freklega það. Fremur má Kjarrskógur þessi lífanlegur teljast og hefir ýmis góð þroskæinkenni. En hann er afskaplega þéttur og sumir runnarnir svo samanofnir að illfært er að rífa sig fram úr þeim. Talsvert mun ~~þetta~~ hann bitast á vetrám, þó minni brögð séu að því en sumstaðar

annarsstaðar, því snjólétt mun þar í flestum vetrum. En í Holtsdal er fénu haldið á meðan kostur er, því bæði þykja þar landskostir miklir og skortir ekki skjól. Dálitið notar Björn skóginn til eldingar, en hefir farið sparlega í þá átt. Og reynt hefir hann að grisja, þó að enginn hafi sýnt honum hvernig að því væri farið. En hann mætti taka langtum meiri skóg en hann hefir gert, bæði handa sjálfum sér og öðrum þeim er sækja vildu. Og væri það vel grisjað myndi skógurinn fljótt batna. En þó myndi áger friðun þar sem annarsstaðar hafa mest að segja. Ég sýndi Birni hvernig grisja ætti og þótti honum vænt um, að heyra að hann mætti taka langtum meira en hann hafði sjálfur hugsað, enda hyggst hann að gera meira um skógarhöggið en áður hefir verið. Jón Kjartansson tók myndir þar af skóglendinu og lét ég hana hér með fylgja, þó að óglögg sé.

Þessi keið vestur heiðar er margfallt skemmtilegri heldur en þjóðvegurinn í gegnum hraunið. Að vísu er hún lengri dálitið en engan veginn ógreiðbari, því heita má það ágætur vegur. Torfarur engar nema yfir Skaftá, en yfir hana má fa fylgd í Skaftárdal, sem er skammt fyrir ofan vöðin, ef að austan er komið, er Búland skammt frá ánni og þar er fylgd vís, ef að vestan er komið.

Seint um kvöldið þegar við vorum háttaðir, komu þeir Dungal læknir og Jón málari. Hafði læknirinn verið sóttur fram í Meðalland og töfbust þeir þessvegna. Var svo sofið til morguns.

24. júlí, mánudagur

Kl. 9 árdegis lögbum við svo á stað frá Búlandi og stefndum vestur til fjalla. Félagar okkar fengu sér til fylgdar son bóndans, Gísli að nafni. Veðrið var hið bezta, heiðskýrt og fjallasýn góð, vegurinn ágætur og sóttist ferðin vel. Var málariinn stórhreifinn af hinni margbreytilegu fegurð og hrikaleik náttúrinnar er hvarvetna blasir við þar að fjallabaki. Sá listamannsauga hans þar ótal verkefni og langar hann mikið að geta dvalið á stöðvum þessum sumartíma. Fylgdu þeir félagar okkur út í Laugar og áðum við þar 4 tíma. Er þar alltaf nóg gras og gerðu hestarnir því góð skil, enda engir hagar á allri leiðinni úr^{því} heimahögum sleppir úr Tungunni. Þó var öðruvísi áður. En bæði hefur askan spillt snöpunum sem áður voru, enda að þessu sinni seingróið, vegna vorkulda og þurrkanna. Í Laugunum skildi með okkur og vorum við Jón svo einir eftir það. Gekk okkur allvel. Þó fannst mér talsvert vandfarnara nú en á fyrri ferðum mínum. Veldur þar nokkuru um, að askan úr Kötlu hefir víða sléttað yfir götutroðninga þá er áður voru allskýrir. Er þetta einkum á milli Lauga og Hellis því þar á milli hefir svo litil umferð verið. Auk þes hafa vörður hrunið og stikur fúnað og fallið niður, svo aðgæzlu þarf nokkura að fara ekki afvega. Væri þörf að reisa við vörðurnar og leiðarmerkin hið bráðasta. Gæti þá jafnvel komið til mála að breyta mætti hinni fornu leið á stöku stað, því óþarfa króka virðist manni vera á veginum. En bezt er samt að fela það mönnum sem vel eru kunnugir þar um slóðir.

Að Galtalæk komum við um nóttina kl. 4 og mátti segja að við slyppum mátulega. Því um fótaferðina rauk upp af norðri með fádæma mold og sandöskuból.

25. júlí þriðudagur

Fékk ég Finnboga bónda á Galtalæk með mér inn á Merkihol og tókst mér að mæla lauslega fyrir girðingunni, þótti varla sæist handaskil fyrir moldbyl. Sömuleiðis athugaði ég þar vegastæði og fann það. En hvorutveggja þetta athugaði ég betur í haust, er ég var á Galtalæk og verður síðar skýst frá áranginum. Á Galtalæk urðum við um nóttina.

26. júlí miðvikudagur

Hélt sama veðrið enn og héldum við út að Múla. Reyndum við tvisvar að komast yfir ána, kölluðum ferju í Þjórsár-holti en köllum okkar var ekki sint, enda hefir áin víst ekki verið ferjutæk. Vorum svo í Múla nóttina í þeirri von að við kæmst yfir ána næsta morgunn.

27. júlí, fimmtudagur

En sú von brást. Áin enn þá óferjutæk sökum hvassviðris og okkur ekki gegnt. Snerum við þá frá henni og niður að Vindási. Hittum Kristján bónda og báðum hann að fylgja okkur að Nautavaði. En hann taldi ána illfæra, að vísu slarkandi fyrir vana menn og kunnuga en gefa myndi yfir dýpsta álinn. Vildum við þá ekki tefla í þá tvisýnu og héldum niður að Þjórsárbrú. Lægði stormurinn eftir því sem neðar dró, en mökkinn að sjá til fjalla. Þegar niður að Þjórsárbrúnni kom, símaði ég suður og fékk þar fréttir, að hann taldi og þurfa að hraða sér suður. Hætti ég þá við að fara upp í Þjórsárdal eins og ég hafði ætlað mér. Enda sá ég heppilegra myndi verða að vera þar á ferð er heyðnum lyki. Skilaði ég Einari Brynjólfsyni hestinum og hélt með Jóni út að Ölfusá. Vorum við nóttina í Tryggvaskála.

28. júlí, föstudagur

Fór Jón í bíl, en ég rak alla hestana suður og var svo þessari ferðinni lokið. Keypti haframjöl handa þeim gráa, og kom þeim í haga.

31. júlí - 1. águst - 3. águst.

Þessa 4 daga var ég að vinna í Tjarnargarðinum. Hafði grasið vaxið allmikið þennan tíma, sem ég var fyrir austan, svo vaxið var alveg yfir hinar örsmáu fræplöntur. Að vísu hefði mátt skera og slá meira af grastopunum, en nú fannst mér er hér var komið, því helsta borgið, og spurning, kostandi væri meiru upp á það, því vegna hinna langvarandi þurrka, var megnið af fræplöntum mjög litilfjörlegtog taplega til íra frambúðar.

23. águst - 25. águst.

23. ágúst - 25. ágúst

Að taka á móti hrísbátum ofan úr Vatnaskógi öfl.

27. ágúst, sunnudagur

Sótti ég hestana inn að Laugarnesi, sló handa þeim í Tjarnargarðinum og gaf þeim í geymsluplássinu. Næsta morgunn var ferðinni heitið upp í Vatnaskóg.

28. ágúst, mánudagur

Dynjandi slagveðursrigning um morguninn, svo hætta var við Vatnaskógsför. Í stað þess reið ég upp að Lágafelli að leita að Súra-Grána sem tapast hafði þaðan úr göngu. Fann ég klárinn og fór síðan að Laugarnesi með hestana.

5. sept.

Fór ég með rauðu hestana suður í Bessastaði til göngu þar í nesinu. Á næstu dögum kom ég þeim gráu fyrir á Lögbergi og voru þeir þar þangað til 11. sept.

9. okt.

Sótti ég hestana suður í Bessastaði og kom þeim fyrir í Tungu.

10. okt.

Útbjó ég dót ~~með~~ s/s Suðurlandinu. Sótti hestana inn í Tungu og lét járna þá. Leitaði ég að Rangvellingum, sem ég þurfti að koma úr ~~veg~~ og klippum með og tók Ingvar á Hofi af mér flutninginn. En Odd á Heiði gat ég ekki fundið og leitaði ég hans þó lengi og víða.

Hraunteigsförin

=====

11. okt. miðvikudagur

Reyndi ég enn um morgununn að finna Odd á Heiði, en tókst ekki. Varð ég að fara án þess og hélt upp að Lögbergi á þeim Rauða. Þar voru þeir gráu fyrirfög járnaði ég þá, því nýjar skeifur hafði ég með. Hélt ég svo þaðan og hétti Ingimund bónda í Hala í Ölfusinu. Hann var á suðurleið. Rendi hann grun í ferðalag mitt og sagði að Þykkbæingar biðu heima eftir orsendingu um að sækja hrísið upp í Hraunteig, sem fara ætti í Djúpós. Varð að samningum að hrísið skyldi verða tilbúið næsta þriðjudag og ætlaði Ingimundur er hann kæmi heim að láta Þykkbæinga vita. Á Hólum áði ég og fékk handa rauðu klárunum. Hélt svo að Ölfusá um kvöldið og var þar um nóttina. Var þá rigning og kalsaveður svo ég lét hýsa hestana og gefa þeim.

12. okt. fimmtudagur

Árla morguns voru hestarnir látnir út og á haga, en Haukur minn þóttist víst vita hvar þá væru að finna svo leita varð hans um stund, er hinir hestarnir voru teknir. Komst ég seinna á stað en ég ætlaði og hélt austur að Þjórsártúni. Þar beið hr. skógræktarstjóri og var svo haldið áfram austur. Hjá Egissíðu skildum við. Átti ég að fara upp í Hraunteig og láta höggva þar og binda 50 hestb. handa Þykkbæingum. Einnig átti ég að láta höggva um 100 hestb. helst á akkord sem geymast áttu til vors og bindast ekki fyrir en þá. Á Egissíðu reyndi ég að spyrjast fyrir um Odd á Heiði en frétti ekkert af honum. Hélt ég svo upp að Geldingalæk og var þar um nóttina.

13. okt. föstudagur

Ráðlagði Einar bóndi mér nú að bíða Odds á Geldingalæk, því komið gæti hann á hverri stundu og framhjá færi hann ekki hvorki á nóttu eða degi. Áttum við tal um það sem vinna átti í Hraunteig og benti Einar mér á, að líklegast væri að fá menn á uppþæjunum, en enga gæti ég þó fengið fyrir en eftir helgi. Daginn eftir (laugardag) væri hreppastofna á Minna-Höflog þangað var von á öllum bændum svo hægst væri að semja við þá þar og þá bezt fyrir mig að halda þangað. Á sunnudag og mánudag væri almenn smölunum alla uppþæi og allir karlmenn við þann starfa bundnir. Sá ég þá á öllu þessu að ómögulegt væri að byrja á vinnunni fyrir enn á þriðjudag og því nauðsynlegt að koma orðum til Þykkbæinga svo þeir kæmu ekki áður en nokkur baggi væri losaður. Kom Oddur á Heiði undir kvöldið og gaf hann algerlega á mitt vald hvort hægt væri að grísa 150 hestb. í Hraunteigi, ánþess að ítaksnotendur (stólsjarðirnar) töpuðu nokkuð við það.

Við Odd talaði ég um hvort hann vildi taka að sér akkorðið á 100 hestb. og ræddum við um það fram og aftur. Var hann ekki fjarri því en vildi þó ekki ákveða sig fyrr en hann hefði komið uppeftir og kynnt sér betur alla málavexti. Á Geldingalæk var ég nóttina.

14. Okt. laugardagur

Fór ég á hreppastefnuna á Minna-Hofi, en þangað komu engir af uppþæjarmönnum, svo enga menn réði ég. En ferð fékk ég fram í Þykkvabæ og kom þangað skeyti þess efnis að viðurinn skyldi verða til á fimmtudag. Hélt Oddur að ég myndi geta byrjað á þriðjudag með einhverju af mönnum, en eftir það mætti fá nógan vinnukraft. Að Geldingalæk hélt ég um kvöldið.

15. okt. sunnudagur

Hélt ég upp á bæi. Í Bolholti fékk ég loforð fyrir 2 - 3 mönnum og tók og tók Jón bóndi að sér að sækja vírinn og klippurnar fram að Heiði, og koma því upp í Hraunteig. Átti það að koma á þriðjudagsmorgunn og vinnan þá að byrja. Að Svínhaga kom ég og fékk loforð fyrir mönnum þar. Reið Auðunn bóndi með mér inn í Hraunteig og fórum við víða um skóginn. Komst ég fljótt að raun um að óhætt væri að grisja 150 hestb. og rúmlega það. Nóg væri eftir samt. En heldur vildi ég þá velja smá skóginn sem ítaksmenn ganga framhjá því þó seinlegt sé að grisja hann dugar hann vel til þess sem honum er ætlað að vinna í Djúpós. Hélt ég svo að Galtalæk og fékk þar loforð fyrir 2 mönnum og að ég mætti gista þar á meðan á vinnunni stæði. Þá hélt ég út að Hvammi að hitta Eyjólf bónda að máli og varð þar nóttina. Hafði ég skrifað Eyjólfvi áður ég búist við að verðað við skógarhögg á Merkihvöli ákveðna daga, en þeir voru um garð gegnir. Taldi Eyjólfur öll tormeðki á því að bændur vildu sinna Merkihvöli á þessu hausti. Þeim þætti áliðið orðið, margir búnir að ná í við í Næfurholt-skógum og svo þættust þeir víst komast að betri kjörum austan ár. Þó sagðist Eyjólfur skyldi láta það berast að ég væri þeim til leiðbeiningar er inn eftir vildu fara. Heldur Eyjólfur við það sama enn að leyfa engum eftirlitslaust að fara í skóg í Merkihvöli, og á hann þökk fyrir.

16. okt. mánudagur

Hélt ég upp að Galtalæk, en tafðist á bæjunum, var að tryggja mér menn en varð litið ágegn. Fékk þó loforð fyrir 2 mönnum á Leirubakka. Austan við Skarð mætti ég hr. skógræktarstjóra og skýrði honum frá hvað mér hefði orðið ágegn. vinnan byrjar að morgni, 7 menn að minnsta kosti tryggðir og von á fleirum orðsending til Þykkvæjninga um að koma á fimmtudag og Oddur á Heiði væntanlegur daginn eftir og líklegt að saman gengi með okkur um akkorðið. Skyldi svo með okkur, hélt hann að Fellsmúla um kvöldið, en ég að Galtalæk,

17. okt, þriðjudagur

Hófst vinnan í Hraunteig og mættu 7 menn. Lét ég byrja það innarlega við Rangá, sem mér þótti farandi, gerði braut þangað inn eftir svo hægt væri að koma vögnum við. Er þarna eingöngu smáskógur, en afar þéttur á köflum. Var lengi verið að fá í hvern baggann, svo ég lét berast á bæina í kring að allir verkfærir menn mættu koma næsta dag.

18. okt. miðvikudagur

Hafði ég 11 menn í vinnu, svo nú gekk verkið vel, svo ég sá að standa mundi ég við loforðið við Þykkbæinga. Um morguninn kom Oddur með menn með sér og sló tjöldum í Hraunteig. GERði ég samning við hann um akkorðið og fylgir hann hér með. Lét ég hann hafa spilduna vestan frá Arnarsetri sunnann vegarins, allt niður í á, og suður að því sem grisjað hefir verið áður (vorið 1918). Hjó hann og upp braut vestan undir Arnarsetri og kemur hún á vagnbrautina hjá Smalakletti. Er þá vagnfær braut eftir öllum Hraunteig endilöngum, og hlýtur að verða til mikilla bóta.

19. okt, fimmtudagur.

Hafði ég 9 menn á tímakaupið, Um hádegi taldi ég upp baggana og var þá búið að binda á 52 hesta. En með því að mennirnir vildu vinna til kvölds gaf ég það eftir. Hjuggu þeir og bundu 13 hestb. og var það lagt og bundið til flutninga. En setja þarf á þessa bagga nyjan vír í vor. Þessa 13 hestb. (26 bagga) lét ég bera saman og stafla í einan köst þar sem komast má með vagn að.

20. okt. föstusagur

Komu Þykkbæingar með 28 reiðingshesta en engan vagn, þóttust ekki hafa vitað að akfært væri, og lét ég þá þó fylgja með orðunum. Afhendi ég þeim 28 hestburði. Byrjaði ég að telja upp og númera bagga akkorðsmannanna. Fékk ég reizlu á Galtalæk og vóg ég marga baggana og reyndust þeir vel, svo yfirlitið var gott.

21. okt. laugardagur

Hélt ég áfram að telja upp og númera og vega baggana. Reyndust þeir bæði vel lagðir og þyngdin góð. Samkvæmt samningum áttu baggarnir að vera 270, en Oddur lagði 15 ofan á, svo til vors biða 285 baggar. Vitanlega má búast við að einstaka baggar fjúki um í vetur, en aldrei mun það teifa mikið að leggja það aftur saman í vor þegar það verður bundið.

22. okt. sunnudagur

Brá ég mér út í Þjórsár-dal, því svo hafði ég gert ráð fyrir við Pál bónda á Ásólfstöðum áður en ég fór úr